

Fundargerð frá starfsdegi stjórnar
Staðsetning: Háskólinn í Reykjavík.
26.maí 2023 kl. 09:00 – 12:30



Pátttakendur 26. maí 2023:

Anna Kristín Kristinsdóttir, Baldur Vignir Karlsson, Gunnhildur Arnardóttir, Ingibjörg Loftsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Snorri Páll Sigurðsson, Stefán Hrafn Hagalín, Laufey Guðmundsdóttir, Auður Daníelsdóttir.

Fjarverandi: Haraldur Bjarnason

Anna Kristín Kristinsdóttir <anna.kristinsdottir@marel.com>; annakk86 <annakk86@gmail.com>; Auður Daníelsdóttir <audur@orkan.is>; Baldur Karlsson <baldurvk@lifelong.is>; Inga Loftsdóttir <iloftsdottir@gmail.com>; Haraldur Bjarnason <halli@audkenni.is>; laufeygudm <laufeygudm@gmail.com>; liljagu <liljagu@gmail.com>; Snorri Pall Sigurdsson <Snorri.Sigurdsson@alvotech.com>; Stefán Hrafn Hagalín <stefanh@ru.is>

Dagskrárlíðir

- 1. Samskiptasáttmáli.** Fundurinn hófst með því að Stefán Hrafn Hagalín formaður stjórnar Stjórnvísí bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá og markmið fundarins. Formaður Stjórnvísí kynnti hugmynd að samskiptasáttmála stjórnar 2023-2024 þar sem m.a. var rætt um að: 1. Mæta undirbúin á stjórnarfundi 2. Mæta tímalega 3. Taka ábyrgð á verkefnum 4. Hafa uppbyggilega gagnrýni 5. Samskipti opin og eðlileg 6. Vera á staðnum. 7. Allt stjórnarfolk sé virkt í starfi stjórnar. 8. Stjórn ákveði sameiginlega hvar og hvernig samskipti eiga sér stað; tölvupóstur sé hinn formlegi vettvangur utan funda, en að fundir og spjall eigi sér stað á Microsoft Teams.
- 2. Yfirferð á framtíðarsýn, stefnu, gildum, lögum og siðareglum.** Stefán Hrafn fór yfir framtíðarsýn, stefnu, gildi, meginmarkmið lög og siðareglur. Mikilvægt að stjórn sé með góðan stuðning við stjórnendur faghópanna. Á fyrsta fundi stjórnar í haust verður farið yfir lögin og skoðað hvort einhverju skuli breyta og það sama á við um siðareglurnar. Í framhaldi kynntu stjórnarmenn sig með því að **segja örstutt frá sér**. Einnig urðu umræður um hvar stjórn vill eiga samskipti og var ákveðið að halda áfram að eiga samræður í tölvupóstum, á facebook undir: „Stjórn Stjórnvísí“ og á Teams. Hugmynd kom um að fara í innri markaðssetningu hjá aðildarfyrirtækjum, koma upp hlaðvarpi o.fl. Nýta Spotify – Út á Granda er stúdíó þar sem væri hægt að setja upp Stjórnvísí bakgrunn. 1. Fundir á hljóðskrá 2. Eigið hlaðvarp.
- 3. Áætlun og lykilmælikvarðar.** Áætlun félagsins stenst og eru tekjur á áætlun. Áætlun félagsins er uppfærð reglulega allt árið og er aðgengileg stjórnarfólki í Sharepoint.
- 4. Farið var yfir aðgang stjórnar að Sharepoint, Teams, Facebook og skráning stjórnar í faghópin „stjórn Stjórnvísí“.**
- 5. Þema ársins 2023-2024 ákveðið og útfærsla.** Nýkjörin stjórn kom með fjölda hugmynda að þema ársins. Niðurstaðan var sú að stjórn sammæltist um að þema ársins yrði „**Tengsl**“. Farið verður betur yfir útfærsluna í haust. Varaformaður Stjórnvísí var kosinn Anna Kristín Kristinsdóttir og ritari Gunnhildur Arnardóttir.

6. Áhersluverkefni starfsársins verða fjögur: (sjá mælikvarða neðar í fundargerð).

2023-2024

- **Ásýnd og vöxtur** ábyrgðaaðilar: Stefán – Baldur – Laufey – Anna Kristín
- **Stuðningur við stjórnir faghópa** ábyrgðaaðilar: Snorri Páll – Lilja - Ingibjörg
- **Útrás/tengsl** ábyrgðaaðilar: Laufey – Anna Kristín - Auður
- **Stöðugar umbætur** – Baldur – Anna Kristín – Lilja - Haraldur

7. Kynning á reglubundnum verkefnum stjórnar

- Tímasetning var ákveðin á helstu viðburðum Stjórnvísí og þeir settir inn á dagatal félagsins.

Júní 2023. Samfélagsskýrsla ársins 2022. 8.júní 2023 kl.12:00 á Nauthól (lokaður viðburður)

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Festa og Viðskiptaráð Íslands.

Ágúst 2023: Fyrirmyndarfyrirtæki ársins viðurkenningarathöfn (Nauthóll 22.ágúst hádegisverður – lokaður viðburður)

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Jón Gunnar Borgþórsson, Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og SA.

Ágúst 2023: Kick off fundur

Hvar: Fly Over Iceland 29.ágúst 2023 kl.09:00-10:00. – búið að panta streymi.

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur, stjórn Stjórnvísí

September 2023

Þann 1. september verður haustdagskrá Stjórnvísí send út á alla aðila

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Október 2023

Haustráðstefna Stjórnvísí – 3.október 2023 staðfest kl.08:00-11:00. Grand Hótel Háteig þema TENGSL – fjölbreytni – vellíðan – nýir Íslendingar – efla tengsl innan sem utan vinnu – tengsl fjölskyldu og vinnu (jafnvægi) – ferlar – þverfagleg samvinna

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, stjórn

Október/nóvember 2023

Fundur með fagráði

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur og Stefán

Janúar 2024

11. janúar. Nýársfagnaður –

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Hvar: Marel

Efni verður valið á Kick off fundinum í ágúst. Stjórnir faghópanna ákveða hvaða efni er brýnast. Athuga hvort Marel vilji bjóða heim.

Janúar 2024

Íslenska ánægjuvogin 2023 afhent 19. janúar 2024 kl.08:30-09:30

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur og Prósent.

Feb/mars 2024

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi 2024

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur, Stefán Hrafn.

Tímabil: Haldin 20.febrúar 2024

Þema: TENGSL

Apríl/maí 2024

Aðalfundur faghópa

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Maí 2024

Aðalfundur Stjórnvísi

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Maí 2024

Stjórnarskiptafundur:

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Júní 2024

Samfélagsskýrsla ársins afhent. Samstarfsverkefni Festu, Stjórnvísi og Viðskiptaráðs Íslands.

8.júní 2024

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Ágúst 2024

Fyrirmyndarfyrirtæki 2023.

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Jón Gunnar

Tímabil:

- Fundartími og staðsetningu stjórnarfunda. Niðurstaðan var sú að **stjórnarfundir verða haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl.11:00-12:00**. Stjórn mun skiptast á að bjóða heim, ef eitthvað kemur upp á er alltaf hægt að halda fundi í Innovation House og á Teams. Ef áhugi er að bjóða í mat eða skoðunarferð um vinnustað gestgjafa er það gert um leið og fundi lýkur kl.12:00.

○ Ágúst

Jarðhitasýningin Hellisheiðarvirkjun

- September Teams
 - Október Grand Hótel (í beinu framhaldi af haustráðstefnu)
 - Nóvember Teams
 - Desember Vox
 - Janúar Teams
 - Febrúar Háskólinn í Reykjavík
 - Mars Teams
 - Apríl Alvotech
 - Maí Teams
- Kosning varaformanns og ritara næsta starfsár
 - Varaformaður er Anna Kristín Kristinsdóttir
 - Ritari er Gunnhildur Arnardóttir

Stefán kynnti áhersluverkefni síðustu ára.

2016-2017

- Fagna 30 ára afmæli.
- Innviðir félagsins og heimasíða og stjórnun
- Markaðsmál og sýnileiki
- Tengslamyndun, viðburðir og samstarf

2017-2018

- Varðveita sögu félagsins
- Markaðsmál og vefur
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Mælingar og starfsemi félagsins

2018-2019

- Markaðsmál
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Heimasíða
- Mælaborð

2019-2020

- Stefnumótun 2020-2025
- Sölu of markaðsmál
- Stuðningur við stjórnir faghópa

2020-2021

- Markaðsmál og sýnileiki
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Samstarf við aðra um jafningjafræðslu

2021-2022

- Markaðsmál og sýnileiki
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Útrás

2022-2023

- Ásýnd og vöxtur
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Útrás

2023-2024

- Ásýnd og vöxtur: Stefán – Baldur – Laufey – Anna Kristín
- Stuðningur við stjórnir faghópa: Snorri Páll – Lilja - Ingibjörg
- Útrás/tengsl: Laufey – Anna Kristín - Auður
- Stöðugar umbætur: Baldur – Anna Kristín – Lilja - Haraldur

2023-2024 (fjögur áhersluverkefni – í hverju felast þau – mælikvarðar)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Ásýnd og vöxtur** - Stefán – Baldur – Laufey – Anna Kristín
 - i. Fjölgun fyrirtækja oo
 - 1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
 - 2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
 - ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
 - iii. Fjölgun virkra félaga oo
 - iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo
 - v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
 - vi. Fjölgun nýrra háskólanema oo
 - vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
 - viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
 - ix. Stjórnvísí sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
 - x. Stjórnvísí þróist í takt við við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
 - xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
 - xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

- **Stuðningur við stjórnir faghópa** Snorri Páll – Lilja - Ingibjörg
 - xiii. Fjölgun viðburða oo
 - xiv. Fjölgun félaga á fundum oo
 - xv. Aukning á virkni faghópa oo

- xvi. Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- xvii. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- xviii. Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- xix. Hækkun á NPS skori oo
- xx. Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- xxi. Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- xxii. Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- xxiii. Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- xxiv. Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
 - 1. Myndbönd
 - 2. Stafræn fræðsla

- **Útrás/ Tengsl** – Laufey – Anna Kristín - Auður

- xxv. Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- xxvi. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- xxvii. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- xxviii. Fjölgun erlendra fyrirlesara

- **Stöðugar umbætur:** Baldur – Anna Kristín – Lilja - Haraldur

- xxix. Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
 - 1. **NPS skor:** Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.

Anna Kristín Kristinsdóttir <anna.kristinsdottir@marel.com>; annakk86 <annakk86@gmail.com>; Auður Daníelsdóttir <audur@orkan.is>; Baldur Karlsson <baldurvk@lifelong.is>; Inga Loftsdóttir <liftdottir@gmail.com>; Haraldur Bjarnason

<halli@audkenni.is>; laufeygudm <laufeygudm@gmail.com>; liljagu <liljagu@gmail.com>;
Snorri Pall Sigurdsson <Snorri.Sigurdsson@alvotech.com>; Stefán Hrafn Hagalín
<stefanhh@ru.is>